



Náms- og ferðastyrkur til framhaldsskólanema.

Kjósarhreppur setur sér eftirfarandi reglur vegna náms- og ferðastyrkja til framhaldsskólanema.

1. grein

Styrkveiting

Styrkveiting er háð samþykki sveitarstjórnar ár hvert, og skal koma fram í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Styrkir eru greiddir út tvisvar á ári eða í lok hvernar annar.

Styrkuppþæð er ákvörðuð árlega við gerð fjárhagsáætlunar og kemur fram við álagningu gjalda.

2. grein

Markmið

Markmið styrkjanna er að jafna aðstöðumun framhaldsskólanema gagnvart öðrum nemendum sem ekki þurfa að fara um langan veg til að stunda sitt nám.

3. grein

Réttur til framlags

Rétt til framlags eiga þeir framhaldsskólanemar sem eiga lögheimili og hafa fasta búsetu í Kjósarhreppi og stunda reglubundið framhaldsskólanám hér á landi. Hámarksaðstoðartími er fjögur ár eða 8 annir.

4. grein

Umsókn

Umsókn skal skila á rafrænu umsóknæyðublaði sem má finna á kjos.is, undir **Mínar síður**, ásamt vottorði frá viðkomandi skólayfirvöldum, þar sem fram kemur að umsækjandi hafi stundað reglubundið nám á viðkomandi önn. Endurnýja þarf umsóknina við lok hvernar annar.

Reglurnar voru uppfærðar og samþykktar í sveitarstjórn Kjósarhrepps, 3. september 2025.

Kjósarhreppi, 3. september 2025

Þorbjörg Gísladóttir, sveitarstjóri